

## Raforkustefna Regins hf.

Reginn hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur sett sér eftirfarandi orkustefnu í því skyni að lágmarka orkunotkun í fasteignum félagsins í samræmi við sjálfbærnistefnu félagsins.

### Umfang stefnunnar

Raforkustefnu skal fylgt þar sem Reginn er með rekstur í viðkomandi fasteign og þeim eignum sem eru vottaðar með BREEAM In-Use vottun eða eru í umsóknarferli um vottunina.

### Notkun gagna um orkunotkun

Félagið aflar árlega gagna um orkunotkun frá leigutökum, orkusölum og sértækum hugbúnaðarlausnum. Gögnin verða borin saman við markmið Regins sem tilgreind eru í fylgiskjali 1 og skýrsla með samanburði gagna verður send árlega til stjórnar og leigutaka félagsins.

### Ábyrgð

Forstjóri, eða eftir atvikum framkvæmdastjóri, bera ábyrgð á því að raforkustefnu þessari sé framfylgt í daglegum rekstri félagsins. Stefnuna og markmið hennar, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1, skal endurskoða árlega. Framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir innleiðingu stefnunnar í daglegan rekstur félagsins og skulu setja markmið fyrir hverja einingu sem stuðla að því að ná settum markmiðum félagsins. Allt starfsfólk Regins skal fá kynningu á stefnunni sem gerir þeim kleift að skilja áhrif starfa þeirra á markmið félagsins um minni raforkunotkun.

Samþykkt af stjórn Regins hf. þann 18. desember 2021


Tómas Kristjánsson

Albert Þór Jónsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir



Handwritten signatures of the board members of Reginn hf. The signatures are in blue ink and correspond to the names listed on the left: Tómas Kristjánsson, Albert Þór Jónsson, Bryndís Hrafnkelsdóttir, Guðrún Tinna Ólafsdóttir, and Heiðrún Emilía Jónsdóttir.

## Fylgiskjal 1 – Markmið um minni raforkunotkun

Markmið um minni raforkunotkun er eftirfarandi:

- Minnka raforkunotkun um 8% á fermeter árið 2025 miðað við árið 2019.

Markmiði um minni raforkunotkun verður komið áleiðis til leigutaka félagsins með reglulegum tölvupóstum. Verði uppvíst um óhóflega raforkunotkun